

## Rasmus Rask og drög að dansk-íslenskri orðabók

Ellert Þór Jóhannsson

Danski málfræðingurinn Rasmus Rask (1787–1832) var áhrifamikill fræðimaður á 19. öld. Verk hans *Undersøgelse af Oprindelsen af det Gamle Norske eller Islandske sprog* (Rask 1818) telst tímamótaverk í rannsóknum á íslensku sem og samanburðarmálfræði. Fyrir utan málfræðirannsóknir hafði Rask áhuga á ýmsum öðrum þáttum sem varða íslenskt mál, svo sem málstöðlun, réttiritun auk útgáfu miðaldatexta og orðabóka.

Rask var fenginn til að ritstýra orðabók Björns *Halldórssonar Lexicon Islandico-Latino-Danicum* (1814, 1992) og bæta við hana dönskum orðskýringum. Þessi orðabók er fyrsta nútímalega íslenska orðabókin með áherslu á nútímamál í stað forn máls og þar sem orðskýringar eru ekki einungis á latínu.

Rask hafði einnig áhuga á að til yrði nútímaleg dönsk-íslensk orðabók og lagði drög að slíku verki. Til er vinnuhandrit Rasks, Rask 14, á Árnasafni í Kaupmannahöfn sem geymir gróft uppkast að orðabók. Fyrirmynd þess virðist vera dönsk-frönsk orðabók sem kom út á fyrri hluta 19. aldar (Hasse 1820/1824). Handrit Rasks er samtals 249 síður en á milli þeirra eru bundnar tilsvarendi síður úr orðabók Hasses. Á þessu handriti má sjá að Rask hefur hafist handa við að skrá uppflöttiorð, en auk þess ritað fáeinar orðskýringar. Sumar síður hafa engar eða mjög fáar íslenskar þýðingar en aðrar hafa allnokkrar.

Það virðist sem Rask hafi mest unnið að orðabókinni árið 1825 (Kålund 1892:512), en líklegast hafið verkið einhverju fyrr. Verkefnið er nefnt í bréfi til rannsakandans P.E. Müller frá árinu 1814, þar sem Rask segir að hann sé að vinna við dansk-íslenska orðabók og vilji gera hana hagkvæma og einfalda í notkun (Hjelmslev 1941:172).

Orðabók Rasks var aldrei lokið og handritið hefur aldrei verið gefið út. Ekki er ljóst hvers vegna Rask komst ekki lengra áleiðis með þetta verkefni. Yfirgripsmikil dönsk-íslensk orðabók leit ekki dagsins ljós fyrr en árið 1851 þegar út kom ítarlegt verk Konráðs Gíslasonar og orðabók í líkingu við það sem Rask hafði hugsað varð fyrst að veruleika árið 1896 með hinni handhægu og vinsælu orðabók Jónasar Jónassonar. Engin bein tengsl eru milli þessara verka og orðabókarhandrits Rasks.

Í fyrirlestrinum verður rætt um þessa ókláruðu orðabók. Uppbygging hennar verður skoðuð sem og val á leitarorðum og sýnt hvernig málfræðilegar og orðfræðilegar upplýsingar eru settar fram. Athugun á þessu verki gefur innsýn í vinnubrögð Rasks, hugmyndir hans um efnistöð og hvernig miðla megi vitneskju um íslenskan orðaforða.

## Heimildir

- Björn Halldórsson. 1814. *Lexicon Islandico-Latino-Danicum*. Rasmus K. Rask (ritstj.). Havnæ: J. H. Schubothum.
- Björn Halldórsson. 1992. *Orðabók. Íslensk-latnesk-dönsk*. Ný útgáfa. Jón Aðalsteinn Jónsson (ritstj.). Orðfræðirit fyrri alda 2. Reykjavík: Orðabók Háskólans.
- Hasse, Lauritz. 1820/1824. *Nouveau Dictionnaire de poche françois-danois et danois-françois. Nyeste Fransk-Dansk og Dansk-Fransk Haandlexicon, forøget med de nyeste, almindelig antagne Franske Ord, og en Efterretning om den nuværende Maal, Mynt og Vægtforfatning i Frankrige. 2 bd.* København: Boghandler A. Soldins Forlag.
- Hjelmslev, Louis (ritstj.). 1941. *Breve fra og til Rasmus Rask I–II*. København: Ejnar Munksgaards Forlag.
- Jónas Jónasson. 1896. *Ný dönsk orðabók með íslenzkum þýðingum*. Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja.
- Konráð Gíslason. 1851. *Dönsk orðabók með íslenzkum þýðingum*. Kaupmannahöfn.
- Kålund, Kr. 1892. *Katalog over den Arnamagnæanske Håndskriftsamling II*. København: Gyldendalske Boghandel.
- Rask, Rasmus Kr. 1818. *Undersøgelse af Oprindelsen af det Gamle Norske eller Islandske sprog*. Kjøbenhavn: Gyldendalske Boghandel.